



**Sameiginlegur fundur stjórnar Þekkingarsetursins á Blönduósi og Textílseturs Íslands
haldinn í Kvennaskólanum mánudaginn 6. mars 2017 kl. 15:00.**

Dagskrá:

- 1. Stefnumótun – næstu skref**
- 2. Samsstarfssamningur 2017**
- 3. Opinn dagur 20. maí (laugardagur)**
- 4. Önnur mál**

Arnar Þór setti fund. Mætt eru Arnar Þór Sævarsson, Katharina Schneider, Jóhanna E. Pálmadóttir, Valgarð Hilmarsson, Jóhanna H. Halldórsdóttir, Sigrún Hauksdóttir, Erna Björg Jónmundsdóttir, Helga Sigurbjörnsdóttir og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

1. Katharina fór yfir skipurit sem kynnt var á sameiginlegum fundi stjórnanna sem haldinn var í janúar í framhaldi af stefnumótunarvinnu sem fór fram í vetur. Einnig dró hún upp skjal sem unnið var árið 2012 af hálfu stjórnenda setrana beggja og er samhljómur í því við niðurstöðu þeirrar vinnu sem unnin var í vetur. Katharina hefur verið að skoða hvernig starfsemi annarra þekkingarsetra er og skipulag í tengslum við tengda starfsemi. Miklar umræður urðu um málið og mörgum flötum velt upp, meðal annars varðandi tekjumöguleika. Niðurstaða fundarins er að mönnum líst vel á skipuritið sem slíkt en hins vegar þurfi að skoða praktíska hluti varðandi kennitölur, fjármögnun og fleira. Arnari, Katharinu og Sigrúnu er falið að skoða það fyrir næsta fund stjórnanna sem haldinn verður 20. mars kl. 15.
2. Katharina kynnti samsstarfssamning milli Þekkingarsetursins á Blönduósi og Textílseturs Íslands vegna textílverkefna árið 2017: Uppbygging náms á sviði textíls í samstarfi við Listaháskóla Íslands og aðra skóla. Uppbygging textílbókasafns í Kvennaskólanum. Undirbúningur „Prjónagleði“ á Blönduósi í júní. Eflingu textíllistamiðstöðvar í Kvennaskólanum og efling á rannsóknum á sviði textíls.
3. Opinn dagur verður í Kvennaskólanum 20. maí þar sem öllum eigendum og sveitarstjórnarmönnum verður boðið. Rætt var um að þessi dagur sé mjög slæmur og var ákveðið að flýta þessu til 6. maí ef hægt er. Katharinu er falið að kanna það.
4. Katharina sagði frá því að verið er að vinna að styrkumsókn fyrir verkefni þar sem ráðin yrði listrænn stjórnandi fyrir héraðið. Jóhanna sagði frá því að verið er að vinna að umsókn til uppbyggingarsjóðs varðandi verkefni/ rannsóknir á vefnaðarmunstrum.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir